



Viðtakandi: Mannréttindaráð

Sendandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 15. ágúst 2025

MSS25060053

UMSÖGN

Umsögn varðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um Betri borg fyrir börn

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur, dags. 13. júní 2025, þar sem óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um eftirfarandi fyrirspurn:

1. „Er til tæmandi listi lagaramma verkefnisins hvað varðar söfnun, vinnslu, vistun, eyðingu og aðgangsheimildir að gögnum um börn? Í kynningu kom fram 90/2018 og 86/2021.
2. Hvernig fer mat á þroska á barni fram í sambandi við að veita samþykki á samþættingu?
3. Er farið fram á samþykki beggja foreldra eða einungis lögheimilishafa þegar veit er samþykki á samþættingu?
4. Er aðgangur að gögnum um barnið gefið til annarra en barnaverndar og lögreglu?
5. Hvernig er aðgangsstýringar varðandi þessi gögn um barnið háttaðar varðandi barnavernd og lögreglu?
6. Hversu lengi eru aðgangsheimildir gefnar og á hvaða forsendum?
7. Var gert mat á áhrifum slíkra samþættingu gagna á framtíð barnsins með tilliti til hver hefur aðgang að þeim, hversu lengi þau eru vistun og með hvaða hætti þau eru vistuð og eydd?
8. Er upplýst samþykki bæði tryggt og endurmetið með skipulögðum hætti frá foreldri/um og barni?
9. Var gert mat á aðgengi lögreglu að þessum gögnum í málum er varða kærur kynferðislegu ofbeldis og þar sem gögn úr þessu/m kerfum gætu verið metin hluti máls, nánar tiltekið í málum þar sem réttarstaða brotaþola er takmörkuð og meintur gerandi hefur aðgang að gögnum máls?“

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í viðauka 5 við samning velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um samstarf og verkaskiptingu milli sviðanna vegna innleiðingar og framkvæmdar verkefnisins Betri borg fyrir börn, dags. 3. mars 2022, er að finna lög og reglur sem samningurinn grundvallast á.

Verkefnið Betri borg fyrir börn, byggir m.a. á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þeim lögum er ætlað að stuðla að farsæld barna og tryggja að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana, sbr. 1. gr. laganna.

Vinnsla persónuupplýsinga foreldra og barna vegna framangreinds byggir m.a. á 1. mgr. 23. gr. framangreindra laga. Eftirfarandi kemur fram í lagaákvæðinu: „Þegar beiðni um samþættingu þjónustu liggur fyrir er vinnsla upplýsinga um aðstæður barnsins heimil hjá tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns við framkvæmd verkefna skv. 15. gr. og þessum kafla. **Með vinnslu persónuupplýsinga er m.a. átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður barns, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.** Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga þessara og skal ekki vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangsins.“ Þá fá foreldrar og viðkomandi barn sem þarf á samþættri þjónustu að halda, ítarlega fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga þeirra áður en þjónusta hefst, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 86/2021.

Barna- og fjölskyldustofa setur nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 3. mgr. 23. gr. sömu laga, og skal hver sá sem vinnur með persónuupplýsingar á grundvelli 1. mgr.



lagaákvæðisins, gera slíkt í samræmi við reglur Barna- og fjölskyldustofu og ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Barna- og fjölskyldustofa hefur gefið út *ferill um samþættingu barna*. Þar kemur eftirfarandi fram varðandi vinnslu persónuupplýsinga: “Öllum sem vinna á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ber að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd. Þá er unnið með persónuupplýsingar í samræmi við viðmið um vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laganna, sem útgefin verða af barna- og menntamálaráðuneytinu. Þetta þýðir að öllum sem vinna með persónuupplýsingar ber skylda til að vinna einungis með upplýsingar þar sem er lögmætur tilgangur fyrir vinnslunni, vinna einungis með þær upplýsingar sem þörf er á og miðla einungis til þeirra sem heimild er fyrir. Gæta ber öryggis persónuupplýsinganna í hvívetna. Þjónustuveitandi, sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barna, tengiliðir, málstjórar og aðrir sem vinna með persónuupplýsingar á grundvelli farsældarlaga skulu upplýsa foreldra og/eða barn hvernig miðlun persónuupplýsinga fer fram í því einstaka tilviki. Upplýsa skal um það hvaða gögnum verði miðlað og hvert og hvaða öryggisráðstafana gripið er til, til þess að gæta öryggis persónuupplýsinganna.” Nálgaðst má frekari upplýsingar á eftirfarandi slóð: <https://island.is/s/bofs/samthaetting-thjonustu>

Reykjavíkurborg er skilaskyldur aðili skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjöl eru þ.a.l. afhent Þjóðskjalasafni að 30 árum liðnum í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn en skjöl og önnur gögn á rafrænu formi skulu afhent Þjóðskjalasafni þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

II

Samþætting er virk og ávallt samþykkt óski forsjáraðili eða eftir atvikum barn eftir samþættingu. Öll verkefni skólakerfis eða skólaþjónustu, svo sem mat á þroska barns, fer fram sé þess óskað og formlegt samþykki forsjáraðila liggja fyrir. Í því tilviki má benda á [spurt og svarað um skóla- og velferðarþjónustu borgarinnar](#).

Þegar umsókn um skoðun á vanda barns hefur borist frá bæði foreldrum og skólum fer sérfræðingur á miðstöð yfir umsóknina. Sérfræðingur ber saman lýsingar foreldra við lýsingar skólans. Sérfræðingur tekur einnig saman niðurstöður úr stöðluðum matslistum ef það á við. Þetta kallast forathugun. Stundum er niðurstaðan sú að vanda barnsins þurfi ekki að meta frekar. Oft er þó niðurstaðan sú að málinu er vísað áfram í frekari þjónustu.

Þegar frumgreining er gerð eru notaðir nákvæmari matslistar og horft er á barnið í mismunandi aðstæðum. Niðurstaðan úr því getur verið að barn uppfyllir skilyrði fyrir tiltekna greiningu eða að barn nái ekki tilteknum viðmiðum. Stundum er ástæða til þess að vísa máli áfram í lokagreiningu. Það er til dæmis gert ef áhugi er á lyfjagjöf eða ef um flókinn og fjölþættan vanda er að ræða. Lokagreining er gerð hjá ríkinu.

Mat á þroska barns getur farið fram óháð því hvort samþætting liggja fyrir - mat á þroska fer fram og tengt tilteknum skrefum, s.s. eins og kveðið er á um í [spurt og svarað um skóla- og velferðarþjónustu](#).

III

Ekki er nauðsynlegt að afla samþykkis frá báðum foreldrum þegar óskað er eftir samþættingu. Nóg er að lögheimilishafi óski eftir samþættingu fyrir barn sitt.

IV

Starfsfólk grunnskóla/leikskóla/miðstöðva Reykjavíkurborgar sem á þarf að halda starfs síns vegna hefur aðgang að nauðsynlegum gögnum svo hægt sé að þjónusta barn og foreldra.

Aðgangur að gögnum er ekki veittur til þriðja aðila án samráðs við foreldra, nema í þeim tilvikum sem barnavernd eða lögregla óskar eftir þeim í rannsóknarskyni. Þ.e. miðlun á



persónuupplýsingum til þriðja aðila mun ekki eiga sér stað nema á grundvelli dómsúrskurðar eða lagaheimildar.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er bundið trúnaðar- og þagnarskyldu og er þeim þ.a.l. óheimilt að miðla upplýsingum áfram til óviðkomandi aðila.

V

Starfsfólk Reykjavíkurborgar sem þarf á upplýsingum að halda vegna starfa sinna hefur aðgang að upplýsingunum um nemenda sem eru geymdar í kerfinu.

Utanaðkomandi aðilar hafa ekki aðgang að kerfinu. Hins vegar ef lögregla og/eða Barnaverndarþjónusta óska eftir aðgangi að gögnum vegna lögreglugrannsóknar eða barnaverndarmáls, þá mun starfsfólk borgarinnar miðla viðeigandi gögnum áfram, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 1. mgr. 20. gr. barnaverndarlaga nr. 88/2002.

Kerfið Búi, sem þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar er að þróa í samvinnu við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið borgarinnar, heldur utan um verkferla og gögn skólaþjónustu. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra, sbr. 40 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðar nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Gert er ráð fyrir þremur mismunandi hlutverkum notenda í kerfinu; stjórnendaaðgangur (admin) og aðgangur þátttakenda sem skiptist í starfsfólk skóla og ráðgjafa frá miðstöð. Um er að ræða hópa í AD kerfi Reykjavíkurborgar. Kennarar fara í einn hóp, ráðgjafar frá miðstöð í annan og sá þriðji er fyrir stjórnendur (admin). Utan þeirra sem eru með stjórnendaaðgang felur aðgangur að kerfinu ekki í sér nein réttindi fyrir notendur þess fyrr en viðkomandi er boðið af stjórnanda (admin) að taka þátt í nemendakortum.

Eftirfarandi kemur fram í mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP-i) um aðgangsstýringu fyrir kerfið Búa:

„Stjórnandi í skóla (admin): Stjórnendur eða admin hafa yfirsýn og umsjón með öllum nemendakortum, en nemendakortin eru eins konar mappa hvers nemanda þar sem er að finna ítarupplýsingar og skjöl hvers nemanda. Stjórnendur stýra aðgangi starfsfólks og ráðgjafa að nemendakortum og geta breytt hlutverki starfsfólks í admin með beiðni í gegnum Emmu (kerfi sem stjórnendur nota til að biðja um aðgang að kerfum fyrir starfsfólk). Gert er ráð fyrir að admin í skólum verði skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og/eða deildarstjóri stoðþjónustu. Hér skal þó tekið fram að greining þróunarteymis kerfisins sýndi að það starfsfólk skóla sem vinnur í málum barna í skólaþjónustunni samræmist ekki alltaf stöðuheiti heldur getur það verið mismunandi milli skóla. Það er á hendi hvers skóla að stýra hvaða starfsfólk þarf að vera með stjórnendaaðgang starfs síns vegna. Í aðgangsstjórnborði getur admin fengið yfirlit yfir allt starfsfólk sem hefur aðgang að nemendakorti á þeirra starfsstöð. Með því að smella á starfskraft úr listanum sér stjórnandi starfstítl, starfsstöð og fjölda nemendakorta sem viðkomandi hefur aðgang að. Í stjórnborðinu getur admin fjarlægt aðgang starfsfólks að einu eða fleiri nemendakortum. Stjórnendur geta séð lista yfir nemendur þar sem fram kemur aldur barns, bekkur, umsjónarkennari, síðasta uppfærsla og fjöldi þátttakenda, þ.e. starfsfólk sem hefur aðgang að viðkomandi nemendakorti.

Þátttakendur - Starfsfólk skóla: Starfsfólk skóla fær aðgang að kerfinu þegar það hefur störf hjá Reykjavíkurborg eða viðkomandi skóla eftir því í hvaða AD hóp þau eru sett af stjórnanda. Starfsfólkið getur hins vegar ekki séð neitt inni í kerfinu fyrr en þeim er boðið á nemendakort nemanda af stjórnanda til að sjá ítarupplýsingar á nemendakorti og skjöl. Undantekning frá þessu eru umsjónarkennarar, en þeir eru sjálfkrafa þátttakendur í nemendakortum barna í sínum bekk. Upplýsingar um hver er umsjónarkennari hvaða bekkjar eru fengnar úr



nemendagrunni SFS. Annað starfsfólk skóla fær úthlutað aðgangi að nemendakortum einstakra nemenda eftir þörfum af stjórnanda. Hafi þátttakandi aðgang að nemendakorti getur hann séð upplýsingar um nemanda og sýslað með skjöl þess nemendakorts. Starfsfólk getur ekki gefið öðrum þátttakendum aðgang að nemendakortum. Slík aðgangsstýring er alfarið hjá stjórnendum (admin).

Þátttakendur - Ráðgjafar frá miðstöð: Ráðgjafar frá miðstöð öðlast sjálfkrafa aðgang að kerfinu en geta ekki séð neinar upplýsingar eða nemendakort inni fyrir en þeim er boðið á einstaka nemendakort af stjórnanda (admin). Ráðgjafar geta haft aðgang að nemendakortum í mörgum skólum í sínu hverfi, þar sem hver miðstöð þjónustar alla skóla hverfisins. Hver skóli er með einangrað svæði í kerfinu með tengingu við miðstöðvar. Þetta tryggir að gögn eru ekki aðgengileg milli skóla. Allt starfsfólk sem er skráð á tiltekna starfsstöð (t.d. Langholtsskóli) fær aðgang að kerfinu en þarf að vera boðið sérstaklega inn á hvert nemendakort. Aðgangi er stýrt í gegnum Azure AD Group. Miðstöðvar eru í beinum tengslum við skóla. Við skólaskipti færast nemandi sjálfkrafa úr einum skóla í annan. Starfsfólk í fráfarandi skóla missir sjálfkrafa aðgang að nemendakortinu og stjórnandi (admin) í viðtökuskóla fær aðgang að nemendakortinu. Ráðgjafar frá miðstöð halda sínum aðgangi til að byrja með, jafnvel þótt skipt sé um hverfi. Það er vegna þess að skilafundur milli ráðgjafa á miðstöð þarf að eiga sér stað. Eftir skilafund ráðgjafanna þarf stjórnandi (admin) í viðtökuskóla að sjá til þess að aðgangi ráðgjafa sé breytt.

VI

Skólastjóri skilgreinir aðgang sem er tengdur umjónarkennara sem dæmi. Deildarstjóri stoðþjónustu/sérkennslustjóri er líka með admin aðgang til að tengja aðra við möppu barns sé það ákvörðun teyma í skóla. Allir hópar eru tengdir starfsmannakerfi þannig að ef starfsmaður lætur af störfum dettur viðkomandi út. Aðgangi notenda að kerfinu Búa er eytt þegar þeir láta af störfum.

VII

Í mars 2024 var útbúið mat á áhrifum persónuverndar (MÁP) fyrir kerfið Búa, sem þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar er að þróa í samvinnu við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið borgarinnar. Kerfið mun halda utan um verkferla og gögn skólaþjónustu.

Öll gögn í kerfinu, þ.m.t. skjöl sem hlaðið er upp í kerfið, eru hýst hjá Microsoft Azure, og eru gagnaverin staðsett í Evrópu, nánar tiltekið í Dublin á Írlandi og Amsterdam í Hollandi. Að baki hýsingu hjá Microsoft Azure liggur samningur við Microsoft, dags. 1. apríl 2022 auk vinnslusamnings, dags. 2. janúar 2024.

Varðveislutími persónuupplýsinga er ótímabundinn, þar sem Reykjavíkurborg ber að skila öllum skjölum og gögnum sem verða til í starfsemi þess til Þjóðskjalasafns skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Notendur kerfisins munu geta eytt skjölum út úr kerfinu og verða þau þar með óaðgengileg og ósýnileg notendunum en skjölum sem er „eytt“ á þennan hátt verður þó ekki eytt út úr grunninum. Starfsfólk upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur mun því geta endurheimt skjöl sem er eytt auk þess sem aðgerðir í kerfinu eru rekjanlegar niður á notanda.

Þar sem vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu um vinnslu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. b-lið 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, á réttur hins skráða til eyðingar gagna (réttur til að gleymast) ekki við hér. Sjá nánari útlitun í máli Persónuverndar nr. 2020010599.

VIII

Einungis er unnið með formlegar beiðnir og/eða erindi sem berast skólum og/eða miðstöðvum ef fyrir liggur upplýst samþykki forsjáraðila. Foreldrar geta dregið þetta samþykki til baka hvenær sem er með því að hafa samband við tengilið barns t.d. með því að senda honum tölvupóst. Það hefur þau áhrif að þjónustan við barnið verður ekki lengur samþætt. Barnið á



samt rétt á þjónustu en hún verður ekki samþætt. Foreldri ber ábyrgð á að deila upplýsingum á milli þjónustuveitanda eftir þörfum. Þeir mega ekki lengur ræða sín á milli til að samræma þjónustuna við barnið. Hér er [beiðni um samþætta þjónustu](#).

IX

Óski lögregla eftir liðsinni í þágu rannsóknar skal sá aðili leitast við að verða við slíkri bön þegar við á, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Þá er starfsfólki skóla skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef það hefur ástæðu til að ætla að öryggi barns sé stefnt í hættu, sbr. 17. gr. laga um barnavernd nr. 88/2002. Þá er öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.